

Snæfellsbær
Klettsbúð 4, Hellissandi
360 SNÆFELLSBÆR

Garðabær, 22. mars 2023
Málsnúmer: 202303-0040
LA

Efni: Umsögn um breytingu aðalskipulags og nýtt deiliskipulag fyrir Dritvíkurveg og Djúpalónssand í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli

Í tölvubréfi frá skipulagsfulltrúa Snæfellsbæjar, dags. 25. janúar 2023, er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna breytinga á aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi fyrir Dritvíkurveg og Djúpalónssand í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli.

Aðdragandi breytingar aðalskipulags og nýs deiliskipulags er aukin umferð um svæðið og vaxandi þörf yfir bílastæði og þjónustuhús. Í aðalskipulagi er AF-U-7 afþreyingar- og ferðamannasvæði stækkað úr um 70.000 m² í um 90.000 m² og lögum er breytt og verður eftir breytingu að auknu leyti neðan Útnesvegar.

Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir nýjum áningarstað norðvestan við gatnamót Dritvíkurveg og Útnesvegar, til að minnka álag við Djúpalónssand. Rútustæði verða einnig í námu austan Útnesvegar. Í sérákvæðum kemur fram að reisa má einnar hæðar þjónustuhús, hámarkshæð byggingar 5.0 m frá gólfkóta.

Svæðið er innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og eru allar framkvæmdir háðar samþykki Umhverfisstofnunar.

Náttúrufræðistofnun skilaði inn umsögn í október 2022 um lýsingar vegna fyrirhugaðrar breytingar aðalskipulags og nýs deiliskipulags og benti á að brýnt væri að skipulagsáformin og tengdar framkvæmdir séu í samræmi við markmið um friðlýsingu Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls að öllu leyti.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillögur að skipulagsáformum og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Hólakraun er formfagurt hraun, um 2000 ára gamalt, og í því er að finna margskonar hraunmyndanir m.a. hraunhella. Ekki er vitað um hella í eða við framkvæmdasvæðið. Bílastæði norðan Dritvíkurveg er staðsett að mestu leiti á öröskuðu hrauni og liggur það um 300 m meðfram veginum. Þá eru staðsett bílastæði austan Útnesvegar, en þar er yfirborð hraunsins nú þegar mikið raskað eftir efnistöku og svæðið því heppilegra fyrir uppbyggingu bílastæðis en svæðið vestan Útnesvegar.

Náttúrufræðistofnun telur að skoða ætti fleiri möguleika um staðsetningu bílastæða og stærð þeirra þar sem hér er um óafturkræft rask að ræða á hrauni. Skoða þarf þann kost að hafa bílastæði og þjónustuhús austan Útnesvegar eingöngu og lágmarka þar með raskið. Undirgöng ættu ekki að vera fyrirstaða þegar kemur að umferðaröryggi og náttúruvernd. Núverandi skipulagsáform með svo umtalsverðu raski samræmist illa markmiði friðlýsingar



þjóðgarðsins, auk þess sem bílastæðin munu breyta verulega ásýnd svæðisins og upplifun ferðamanna.

Náttúrufræðistofnun telur einnig að breyta mætti skipulagi akandi umferðar niður að Djúpalónssandi yfir háannatíma með því að bjóða upp á akstur frá Útnesvegi. Þannig mætti komast hjá því að leggja í stórfelldar umbætur á veg niður að Djúpalónssandi, svo sem breikkun vegar og fleiri útskot, sem munu raska hraunmyndunum enn meir. Hins vegar væri mikilvægt að bjóða upp á góða göngu- og reiðhjólástíga sem hæglega er hægt að koma fyrir meðfram núverandi veg.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

